



Ársskýrsla 2019

Skýrsla stjórnar Golfklúbbsins Dalbúa starfsárið 2019



Golfárið sem er að líða hefur verið með eindæmum gott, bæði fyrir gróður og golfiðkendur. Veðurbliðan og mikil og góð umhirða vallarins skilaði sér í afar fallegum velli hjá okkur Miðdalnum. Í tilefni 30 ára afmælis klúbbsins var haldið afmælistótt sem heppnaðist mjög vel. Keppendur voru rúmlega 60 talsins og voru því flestar brautir spilaðar með tveimur hollum. Mótið tókst með ágætum og veðrið alveg þrýðilegt. Veisluhöld um kvöldið með grilli og góðum veigum var hin mesta skemmtun. Í afmælisveislunni voru nokkrir félagsmenn heiðraðir fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Að þessu sinni voru veitt silfurmerki en þeir sem þau fengu eru, Guðmundur H. Sigmundsson, Ragnildur Bender, Hafsteinn Daníelsson, Ómar Þórðarson og Hörður Bergsteinsson. Starfsmerki hlutu þeir Anthony Karl Flores og Eyjólfur Óli Jónsson. Í tilefni afmælisársins var bryddað upp á ýmsu og má þar nefna að vinningar í mótin voru með öðru sniði en hingað til. Ný skorkort voru hönnuð og prentuð. Eitt og annað var gert til þess að fegra umhverfið og má þar nefna ný teigmerki og nýjar fjarlægðarstikur. Æfingarsvæðið tók einnig stakkaskiptum í sumar, en það var slegið vel og vandlega og holufánar settir í ákveðnar fjarlægðir. Kylfingar nýttu svæðið alveg ágætlega og fannst mikið til þess koma að lítill klúbbur eins og GD hefði upp á slíka aðstöðu að bjóða.





Í sumar var haldið golfnámskeið fyrir börn undir stjórn Önnu Díu Erlingsdóttur, íþróttakennara. Námskeiðið fór fram á æfingasvæðinu. Það heppnaðist vel og endaði í litlu golfmóti þar sem börnin gátu spreytt sig á nokkrum völdum brautum. Dagurinn endaði í pylsu veislu. Stefnt er að því að halda í samvinnu við grunnskólann á Laugarvatni annað slíkt námskeið á vordögum.

Fjöldi gesta sem skráði sig í gestabók Dalbúa var um 2.700 í ár. Til samanburðar voru um 1.500 gestir skráðir árið 2018, en gera má ráð fyrir því að einhverjir hafi ekki skráð sig í gestabókina. Líkt og á síðasta ári var forstofan í klúbbhúsinu alltaf opin og gátu gestir því notað snyrtinguna, skráð sig í gestabókina og þeir sem voru borgandi gátu greitt í greiðsluposann. Almenn ánægja hefur verið með þetta fyrirkomulag hjá félagsmönnum.

Félagsmönnum bæði nýjum og gömlum hefur fjölgað þó nokkuð milli ára, en í dag eru um 108 félagar í klúbbnum samanborið við 73 í fyrra, sem þýðir að það hefur orðið 48% aukning milli ára. Þessa fjölgun má rekja að einhverju leyti til ákvörðunar stjórnar um að bjóða fyrrverandi félagsmönnum að skrá sig í klúbbinn og fá ágætis kjör á félagsgjöldum í tilefni af afmælisári GD. Erlendum gestum fjölgaði einnig milli ára og lýstu þeir ánægju sinni á vellinum.

Stjórn Dalbúa hefur verið þannig skipuð á starfsárinu 2019:

Bryndís Scheving, formaður	Böðvar Schram, varaformaður
Eiríkur Þorláksson, gjaldkeri	Ásbjörn Sveinbjörnsson, meðstjórnandi
Hafsteinn Daníelsson, meðstjórnandi	
Ragnar Þórisson, varamaður	Hafþór Guðmundsson, varamaður

Tveir stjórnarmenn, þeir Hafsteinn Daníelsson og Böðvar Schram, eru að ljúka setu sinni í stjórn GD, en Ásbjörn og Eiríkur eru á sínu seinna ári í stjórn. Engin hefur boðið sig fram til formanns og gefur undirrituð áfram kost á sér til formanns.

Á aðalfundi 2018 vantaði einn varamann í stjórn GD með Ragnhildi Bender því Hafsteinn Daníelsson fór úr varastjórn í stjórn. Tveir gáfu kost á sér sem varamenn og fór því fram kosning og voru úrslitin þau að Hafþór Guðmundsson og Ragnar Þórisson voru kosnir. Ragnhildi Bender, Hafsteini Daníelssyni og Böðvari Schram færum við bestu þakkir fyrir gott starf fyrir klúbbinn í gegnum árin.

Helstu nefndir og starfshópar á vegum klúbbsins hafa verið þannig skipaðar á starfsárinu:

Mótanefnd:	Ásbjörn Sveinbjörnsson, form. Ragnar Þórisson	Böðvar Schram
Vallarnefnd:	Haraldur Ólafsson, form. Hörður Bergsteinsson	Hafsteinn Daníelsson Hafþór B. Guðmundsson
Forgjafanefnd:	Eiríkur Þorláksson, form.	Hafþór B. Guðmundsson
Húsanefnd:	Bryndís Scheving, form. Ragnar Þórisson	Eyjólfur Óli Jónsson
Aganefnd:	Hafþór B. Guðmundsson, form.	Eiríkur Þorláksson
Umsjón með vefsíðu:	Páll Þórir Ólafsson	

Rekstrarform golfklúbbsins var með svipuðum hætti og síðastliðið sumar. Undirrituð sá um rekstur á skálanum og Anthony Karl Flores sá um sláttinn, og stóð hann sig með mikilli þryði líkt og sumarið 2018. Félagsmenn og gestir GD lofuðu sláttinn og alla umhirðu vallarins. Eyjólfur Óli Jónsson staðarhaldi í Miðdal var eins og í fyrra mikil hjálparhella fyrir GD, bæði í viðgerðum á vélum og öðrum verkum.

Ýmsar framkvæmdir hafa átt sér stað á liðnu ári. Í vor var byrjað á stækkun á 9. flöt og var þúttæfingaflötin notuð sem 9. flöt í sumar, og var almenn ánægja með það fyrirkomulag. Vinnan við flötina var að stórum hluta unnin í sjálfboðavinnu félagsmanna, en stefnt er að því að opna nýju flötina eftir mitt sumar 2020.



Síðastliðið haust var hár kargi milli brauta (t.d. milli 5. og 6. brautar-, 6. og 7. brauta o.s.frv.) sleginn niður og rúllaður. Þessi svæði voru því sleginn í sumar sem venjulegur kargi, öllum til mikillar ánægju. Fólk hafði orð á því hversu auðveldara væri að spila völlinn þar sem lítill tími fór í að leita að boltum ef farið var utan brautar. Á móti kemur að olíu kostnaður var umtalsverður hærri en á

síðasta ári og er það bæði vegna fleiri fermetra sem slegnir eru og einnig því góða veðri sem einkenndi þetta sumar.

Vökvun hefur sjaldan verið meiri á vellinum en á tímabili var þó nokkur hluti vallarins orðin gulur af sólbruna og flatirnar harðar eins og malbik. Á tímabili þurfti að takmarka vökvun því lækkað hafði talsvert í vatnsbólínu.

Nokkuð var um kostnaðarsamar bilanir á vélakostinum þetta sumarið. Á síðasta aðalfundi Dalbúa (29. nóv. 2018) voru fundarmenn sammála um að á nýju starfsári þyrfti að huga að vélamálum, þ.e. að endurnýja þær vélar sem væru elstar og skiluðu ekki lengur þeim slætti á vellinum sem þarf til að viðhalda og auka gæði brauta og karga. Voru fundarmenn sáttir við að mögulega þyrfti klúbburinn að efna til skulda til að standa undir slíkum fjárfestingum.


Á liðnum vetri var í kjölfar álits aðalfundar unnið að því að endurnýja sláttuvél fyrir kargaslátt. Var slík vél (Toro Groundmaster 4500 D Diesel Rotary Deck Mover) keypt frá Englandi, og kom til landsins í byrjun maí mánaðar. Leitað var samstarfs við Lykil fjármögnun hf. um kaupin, og var gerður samningur við fyrirtækið um að fjármagna þau að miklu leyti. Bókfærður heildarkostnaður Dalbúa við kaupin er 2.956.840 kr., og greiddi klúbburinn alls 869.658 kr. af þeim kostnaði innan reikningsársins, en afgangurinn verður greiddur upp á næstu tveimur árum.



Gjaldkeri mun gera sérstaklega grein fyrir fjármálum klúbbsins á nýliðnu starfsári, en í stuttu máli má segja að reksturinn hafi verið í góðu jafnvægi líkt og síðustu ár. Má það einkum þakka verulegri fjölgun félagsmanna og stóraukinni umferð gesta um völlinn í Miðdal, sem jók tekjur klúbbsins umtalsvert frá því sem áætlað var. Niðurstaðan varð því sú að hagnaður af almennri starfsemi jókst frá árinu á undan, sem nægði til að greiða áðurnefndan kostnað af vélakaupum og afborganir skulda.

Að teknu tilliti til aukinna afskrifta véla og tækja er heildarniðurstaða ársreiknings hins vegar vegar neikvæð, eins og einnig var á síðasta ári, en klúbburinn á engu að síður nokkuð rekstrarfé til næsta vors.

Sumarið 2019 var notendum vallarins boðið að gefa veltinum einkunn líkt og gert var þrisvar sinnum sumarið 2018. Niðurstöður könnunarinnar frá liðnu sumri eru hér að neðan ásamt niðurstöðum úr þeim 3 könnunum sem gerðar voru sumarið 2018. Í könnuninni var golfurum gefinn kostur á að gefa veltinum einkunn á skalanum 1-5 þar sem 5 er best. Niðurstaðan gefur sterkega til kynna að golfarar hafi almennt verið ánægðri með veltinn sl. sumar.



Í maí byrjun var vinnudagur hjá klúbbnum, og góður hópur félagsmanna mætti og tók til hendinni. Allar flatir voru sandbornar, glompur hreinsaðar, vöknunargræjum komið fyrir, tré gróðursett, o.s. frv.

Hér á eftir koma sérstakar skýrslur tveggja nefnda, þ.e. vallarnefndar og mótanefndar, þar sem er að finna frekari upplýsingar um starfsemina á árinu sem nú er að líða.

Ég vil að lokum þakka stjórninni og nefndarmönnum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári. Öllum þeim félagsmönnum sem lagt hafa klúbbnum lið á árinu færi ég mínar bestu þakkir. Það skiptir sköpum fyrir lítinn klúbb eins og Dalbúa að fá sem flesta til liðs við sig, því margar hendur vinna létt verk. Anthony Karl Flores og Eyjólfur Óli Jónsson fá einnig innilegar þakkir fyrir alla þeirra miklu og góðu vinnu fyrir klúbbinn á liðnu sumri. Styrktaraðilum okkar, Grafíu, Rafiðnaðarsambandinu og Félagi vélstjóra og málmtækimanna færi ég bestu þakkir fyrir þeirra stuðning, sem er klúbbnum ómetanlegur. Loks vil ég einnig þakka Laugarvatn Fontana fyrir stuðningin á þessu ári.

Bryndís Scheving, formaður GD

Skýrsla vallarnefndar starfsárið 2019



Völlurinn kom í heild sinni vel undan vetri. Nokkrir kalblettir voru á flötum sem ekki náðist að græða upp sumarið 2018 vegna vætu og kulda. Snemma um vorið var byrjað að vinna við stækkun 9. flatar. Vallarnefndin veitti stjórn Dalbúa ráðgjöf varðandi útfærslu stækkunarinnar. Sáð var í stækkunina í lok júní og í lok sumars var komið ágætis grasþekja. Vonir standa til að hægt verði að opna flötina eftir mitt sumar 2020. Ákveðið var að nota þúttæfingaflötina sem 9. flöt tímabundið þar til ný 9. flöt er tilbúin til notkunar, og gafst þessi útfærsla vel sl. sumar.

Sáð var í allar flatir í lok apríl og borið á flatir og teiga. Sáð var um 90 kg af fræjum í þetta sinn.

Í byrjun maí skipulagði vallarnefndin vinnudag, og góður hópur félagsmanna mætti og tók til hendinni. Allar flatir voru sandbornar, glompur hreinsaðar, vökvunargræjum komið fyrir, tré gróðursett, o.s.frv.

Veðurfarið sumarið 2019 einkenndist af hlýindum og þurrki. Almennt var góð spretta og oft þurfti að vökva flatir og teiga.

2018 var leitað til notenda vallarins um leiðbeiningar varðandi það hvernig rétt væri að útfæra sláttinn, og á þessu sumri var slátturinn útfærður með tilliti til þeirra ábendinga sem þannig komu fram frá notendum. Þetta var annað sumarið sem sömu umsjónaraðilar unnu við völlinn og er rétt að hrósa þeim fyrir sérstaklega góða umhirðu vallarins. Í því sambandi má benda á álit þeirra notenda sem tóku þátt í gæðakönnun sem gerð var sl. sumar og fjallað er um á öðrum stað í skýrslunni.

Flatarmál þess svæðis sem er að jafnaði slegið var mælt lauslega. Mælingin var framkvæmd eftir loftmynd en samkvæmt mælingunni er slegið svæði sumarið 2019 nálægt 12,8 ha.:

Brautir	46.600	m ²
Kargi	51.490	m ²
Kargi viðbót 2019	16.500	m ²
Teigar	1.225	m ²
Flatir	3.850	m ²
Æfingasvæði	8.160	m ²
	<u>127.825</u>	<u>m²</u>

Ef borinn er saman rekstrarkostnaður milli ára 2018 og 2019 á hvern ha. vallarins sem sleginn er að jafnaði má greina að kostnaðurinn (véla viðhald, varahlutir, eldsneyti, fræ, áburður, sandur o.frv.) var aðeins hærri sumarið 2019 en árið á undan:

	slegnir ha.	heildarkostn.	verð pr. ha
2018	11,2	2.175.233 kr.	194.217 kr.
2019	12,8	2.550.051 kr.	199.223 kr.

*tölur fengnar úr rekstrarreikningi Dalbúa hvort ár.

Á liðnu sumri líkt og fyrri sumur var nokkuð rætt um það hvernig þróa mætti völlinn og gera hann enn betri. Hér að neðan er listi yfir það helsta sem hefur verið í umræðunni.

- Tvöföldun teiga. (Nýjar staðsetningar voru prófaðar í sumarlok).
- Færa 1. braut neðar í brekkuna og gera nýjan rauðan teig fyrir framan gula teiginn.
- Þvottaaðstaða verði sköpuð fyrir kerrur og kylfur.
- Sameina flatir 4. og 7. brauta í eina stóra flöt.
- Mæling brauta – endurskoða þarf mælingu allra brauta.
- Gróðursetning skjólbelta.

Vallarnefndin telur allar þessar hugmyndir góðar og vonar að eitthvað af þeim verði að veruleika í náinni framtíð.

Keypt var ný/notuð karga-sláttuvél á árinu. Sláttuvélin er afar öflugt tæki sem gerir okkur kleyft að slá völlinn mun betur en hægt var með þeim vélakosti sem fyrir var. Nokkuð var um kostnaðarsamar bilanir á vélakostinum þetta sumarið, eins og kemur fram í ársreikningi.

Almennt má segja að golfklúbburinn Dalbúi sé þokkalega staddur hvað varðar vélar fyrir næsta ár. Vallarnefnd mælir þó með að stjórn Dalbúa marki stefnu til næstu 5-10 ára um endurnýjun á vélakosti. Vélar eru nær allar komnar til ára sinna og því skynsamlegt að marka stefnu varðandi endurnýjun þeirra til nokkurrar framtíðar.

Heilt yfir má segja að sumarið 2019 á Dalbúa hafi gengið vel og einkum að veðrið hafi leikið við okkur í allt sumarið. Margir gestir vallarins höfðu á orði að völlurinn væri sérlega vel hirtur og að það hafi verið sérstaklega gaman að heimsækja Dalbúa í sumar.

Eins og að framan er getið hafa nokkrar áhugverðar hugmyndir að breytingum á vellinum verið til umræðu undanfarin ár. Vallarnefndin vill í því sambandi leggja áherslu á, að þegar kemur að því að forgangsraða verkefnum, sé það ávallt sett í fyrsta forgangi að hafa brautir, teiga og flatir sem eru til staðar í sem bestu standi, og jafnframt að til staðar sé vélakostur sem bjóði upp á að hægt sé að viðhalda góðu ástandi.

Haraldur Ólafsson, formaður vallarnefndar,
Hafsteinn Danielsson,
Hörður Bergsteinsson og
Hafþór B. Guðmundsson.

Skýrsla mótanefndar starfsárið 2019



Jónsmessumót GD

Jónsmessumót GD var fyrsta mót ársins og fór fram í blíðskaparveðri 22. júní. Í mótinu lék góður hópur félagsmanna og gesta 18 holur eftir Greensome-fyrirkomulagi. Reyndist mótið hin besta skemmtun fyrir þátttakendur, sem nutu sín vel við góðar aðstæður, þar sem völlurinn var í þrýðilegu standi, og veðrið hlýtt og gott. Þátttakendur voru alls 17, þ.e. 7 konur og 10 karlar.

Sigurveggarar í mótinu voru:

1. sæti: Oddgeir Sæmundsson og Ragnar Þórisson.
2. sæti: Guðríður Pálsdóttir og Viktor S. Guðbjörnsson.
3. sæti: Hlöðver Jóhannsson og Jónína Jónsdóttir.

Þeir Oddgeir og Ragnar hlutu m.a. í verðlaun veglega skildi sem Hrafn Jónsson, félagsmaður GD, hafði hannað sérstaklega fyrir mótið.

Meistaramót Dalbúa

Meistaramót Dalbúa var haldið í blíðskaparveðri og góðum félagsskap þann 13. júlí. Leikinn var högggleikur án forgjafar um titil klúbbmeistara í karla- og kvennaflokki, en einnig var leikinn högggleikur með forgjöf til að auka möguleika fleiri félagsmanna í mótinu. Þátttakendur í mótinu voru alls 19 talsins.

Klúbbmeistarar þetta árið eru hjónin Böðvar Þórisson og Petrína Freyja Sigurðardóttir, en þau sigruðu í högggleik án forgjafar hvort í sínum flokki, og voru þau vel komin að titlunum þetta árið.



Í högggleig með forgjöf urðu úrslitin eftirfarandi:

Í kvennaflokki:

1. sæti: Petrína Sigurðardóttir.,
2. sæti: Bryndis Scheving.

Í karlaflokki:

1. sæti: Böðvar Þórisson.
2. sæti: Oddgeir Sæmundur Sæmundsson.
3. sæti: Óskar Svavarsson og Anthony Karl Flores.

Kvennamót Dalbúa


Kvennamót Dalbúa var haldið laugardaginn 20. júlí í alveg frábæru veðri. Sólin skein glatt og hitinn var 23 gráður. Höfðu þátttakendur í mótinu (sem voru 21 talsins) á orði að það þyrfti nú ekkert að fara til Spánar, þetta væri bara betra en það.

Eins og undanfarin ár var keppt um veglega vinninga frá Lavera (K. Kjartansson) og einnig voru teiggjafir frá Lavera. Þessar snyrtivörur eru lífrænt vottaðar og vöktu afar góða lukku meðal keppenda.

Konur skemmtu sér vel í skemmtilegu 9 holu móti, og var mikið talað og hlegið! Að loknum golfhringnum runnu súpa og brauðbollur ljúft niður, og var borðað úti á palli í sól og hita.

Kvennamót Dalbúa hafa notið vinsælda síðustu ár, enda allar konur velkomnar. Sigurvegarar mótsins árið 2019 voru:

1. sæti: Inga Dóra Konráðsdóttir.
2. sæti: Guðbjörg Ingólfssdóttir.
3. sæti: Vilborg Teitsdóttir.



Opna Laugarvatns Fontana mótið

Opna Laugarvatns Fontana mótið fór fram laugardaginn 27. júlí í fínu veðri. Mótið er haldið árlega í samstarfi við einn af aðalstyrktaraðilum Dalbúa, Laugarvatn Fontana. Leikin var punktakeppni karla og kvenna með forgjöf.

Í boði Laugarvatn Fontana voru veittir veglegir vinningar fyrir fyrstu þrjú sætin bæði í karla- og kvennaflokki, auk þess sem veitt voru verðlaun fyrir lengsta upphafshögg karla og kvenna á valinni braut og fyrir að vera næst holi í upphafshöggi á þar 3 brautum vallarins. Úrslitin urðu sem hér segir:

- Í kvennaflokki: 1. sæti - Petrína Freyja Sigurðardóttir.
2. sæti - Sigrún María Ingimundardóttir.
3. sæti - Sigrún Ólafsdóttir.
- Í karlaflokki: 1. sæti - Böðvar Þórisson.
2. sæti - Björgvin Jóhannesson.
3. sæti - Vilhjálmur Andri Vilhjálmsson.



30 ára afmælistótt Golfklúbbsins Dalbúa

30 ára afmælistótt Dalbúa var haldið 17. ágúst í blíðskaðarverði. Mótið var fjölmennasta mótt sumarsins hjá Dalbúa, sem gekk eins og í sögu, þrátt fyrir margmenni.

Dagurinn var afar skemmtilegur og kvöldið ekki síður, en þá var haldið góð grillveisla í tengslum við mótið og í 30 ára afmæli klúbbsins. Nánar er fjallað um veisluna í skýrslu formanns, en úrslit í móttinu sjálfu voru eftirfarandi (leikin var punktkeppni með fullri forgjöf):

- Í kvennaflokki:
1. sæti: Guðríður Pálsdóttir.
 2. sæti: Guðbjörg Ingólfssdóttir.
 3. sæti: Klara Lisa Hervaldsdóttir.
- Í karlaflokki:
1. sæti: Þórður Heiðar Jónsson.
 2. sæti: Óskar Svavarsson.
 3. sæti: Ingvar Ólafsson.







Styrktarmót Símans og Dalbúa

Styrktarmót Símans og Dalbúa var haldið laugardaginn 31. ágúst í mildu veðri en rigningu, sem spillti þó ekki fyrir annars skemmtilegu móti. Leikið var um veglega vinninga sem veittir voru í boði Símans.

Eftir mótið voru grillaðir hamborgarar í boði Good Burger á Laugarvatni.

Leikið var 18 holu Texas scramble, þar sem tveir voru saman í liði, og voru úrslitin eftirfarandi:

1. sæti: Gústav Gústavsson og Tómas Hallgrímsson.
2. sæti: Hafþór B. Guðmundsson og Þorleifur Jónasson.
3. sæti: Gunnar Viktorsson og Örn Ólafsson.

Lokamót Dalbúa

Lokamót Dalbúa var haldið 21. september. Mótið var létt og skemmtilegt, þar sem leikið var frá „nýjum“ teigum, sem settir voru upp sem tilraun og vísbending um hvernig nýir teigar gætu verið staðsettir ef ákveðið yrði að tvöfalda teiga á hverri braut. Leikin var punktakeppni með fullri forgjöf, og voru vinningar stórglæsilegir, en Helgi Einarsson félagsmaður í GD sá alfarið um að útvega þá, og var honum þakkað sérstaklega fyrir það.

Sigurvegarar í punktakeppninni þessa síðasta móts ársins voru:

1. sæti: Helgi Einarsson
2. sæti: Óskar Svavarsson
3. sæti: Ásbjörn Sveinbjörnsson



***Ásbjörn Sveinbjörnsson, formaður mótanefndar,
Böðvar Schram og
Ragnar Þórisson.***